

Nd.

576. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á fátækralögum nr. 44, 10. nóv. 1905.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Frumvarp það, er hjer ræðir um, er komið frá háttvirtri efri deild, og hefir nefndin ekki getað haldið saman um, hverja leið skuli fara í þessu máli.

Eins og kunnugt er, var mikill ágreiningur um það á Alþingi 1905, hvort stytta skyldi sveitfestistimann, samkvæmt ákveðnum tillögum meiri hluta millipinganeftdarinnar í fátækramálum er skipuð var 27. jan. 1902, er vildi hafa sveitfesti bundna við 2 ára löglega dvöl í hrepp. En hitt varð þó ofan á, er minni hluta maður millipinganeftdarinnar beitti sjer fyrir með miklum dugnaði, að 10 ára takmarkinu var haldið.

Það er nú ljóst af umræðum þeim, er fóru fram um málið 1905, að margir voru þeirrar skoðunar, að nauðsyn bæri til að stytta sveitfestistimann, með tilliti til þess, að atvinnuvegir og allur þjóðarhagur, hafði mjög breyst frá 1848, að 10 ára timinn var lögleiddur.

En eins og kunnugt er, hefir breytingin máské orðið einna örúst á síðasta áratuginum, og því virðist nauðsynin enn þá meir knýjandi nú, til að stytta sveitfestistimann.

Nú horfir þannig við, að fólkið er eins og fugl á kvisti. Menn fara úr einum stað í annan til að leita sjer atvinnu, eru sjaldan lengi í sama stað, leita úr einni sveit í aðra, eftir litla dvöl, og úr einum landsfjórðungi í annan.

Bættar samgöngur á sjó og landi, leysing vistarbands og aukinn úthugur, framahugsun og gróðavon, eða þá sumpart sjálfræðisstefna, kemur því til leiðar, að fólkið er á einlægri hringferð að leita gæfunnar, og finni það hana ekki í einum landsfjórðungi, þá fer það í hinn o. s. frv.

Vinnufólk vistbundið er að hverfa. Ungir menn hyggja mest á sjálfsmensku, í sveit eða við sjó, eitt árið í þessum stað og annað í hinum.

Af þessum sökum er það, að nú er það miklu sjaldgæfara en áður, að menn tolli svo lengi á sömu stöðvum, að þeir vinni sjer sveit með 10 ára óslitinni dvöl.

Og því verður endirinn vanalega sá, að ef fólk brestur heilsu, eða aðrir þeir erfíðleikar koma fyrir, er verða þess valdandi að það getur ekki sjed fyrir sjer sjálft, þá á það engan hrepp eftir nügildandi lögum, annan en fæðingarhreppinn, og þangað er hlutaðeigandi rekinn — fluttur, þegar yfirvöldin loks eftir miklar skriftir, rekistefnu og vafstur hafa fundið það út, hvar öreiginn hafi fæðst. Og ber það stundum við, að þann hrepp hefir hann ekki augum litið, frá því hann var ósjálfbjarga barn.

Þá er á hitt að lita, að langur sveitfestistimi, eins og sá sem nú gildir, gefur sveitarstjórnnum meira og betra tækifæri til að gera því fólki erfítt fyrir og ýta því af sjer, sem þær eru hræddar um að kunni að verða sveitinni til einhverrar byrði. Það er ekki svo fátítt, að sveitarstjórnir fari einmitt að amast við fátækum fjölskyldumönnum, þegar fer að liða á ára tuginn. Ef að það er bóndi við búhokur, þá að reyna að koma honum af jörðunni á 9. ár-

inu, en sje það húsmáður, þá með því, að stuðla að því að erfitt sje fyrir hann að fá grasnyt eða húsnæði, sje það lasburða eða aldrað hjú, þá að reyna að fá samtök um að vista það ekki eitt ár, eða svo.

Langur sveitfestistími, eða þessi 10 ára dvöl, gefur hinni verstu tegund hreppapólitíkur þannig byr undir báða vængi, er gengur því næst, að niðst sje á persónufrelsi þeirra einstaklinga í þjóðfjélaginu, sem verst eru staddir: fátækra barnamanna og lasburða einstæðinga. Og auk margs annars ills, sem þetta veslings fólk hlýtur að finna mjög til, þá leiðir þessi afskifta-semi einatt til þess, að fólk, sem hefði ef til vill getað bjargast; ef það hefði fengið að vera í friði, er gert ósjálfbjarga með því að rífa það upp og flytja það á fæðingarhreppinn, eða þá á þann hrepp, er það kann áður að hafa unnið sjer inn.

Af öllu þessu fargani leiða sífeldar skriftir milli stjórnarvalda, yfirheyrslur og úrskurðir óteljandi, og að því loknn er fólkið flutt, eins og fjenadur, á þann hrepp, sem úrskurðað er að það eigi með rjettu, sem oftast mun nú á tímum vera einmitt fæðingarhreppurinn, þar sem það kannske þekkir engan og enginn kannast við það, nema hvað rifjast upp við rekistefnur málsins, að hlutaðeigandi hafi verið þar í heiminn borinn.

Öll þessi aðferð í fátækramálum, er ekki vansalaus fyrir þjóðfjélagið. En á þessu myndi ekki fást veruleg bót, nema með því móti að stytta sveitfestistímann mjög.

Sumum af oss myndi geðjast best að því, og þótt það langákjósanlegast, að miða við 1 árs löglega dvöl, eða 2 ára, eins og meiri hluti millipínganefndar frá 1902 lagði til. Því að með því móti myndu sveitarstjórnir ekki fá neitt ráðrúm til að ýta fólki af sjer. En eins og nú er ástatt með þá miklu eftirspurn eftir fólki, á öllum sviðum, mundi ekki koma til mála að nein hefting yrði á því, að fólk kæmi inn í hreppi, eða bæi, til að setjast að, eða leita sjer atvinnu, enda vitum vjer ekki til að hægt sje að beita neinum lögum í þá átt.

En þótt að því sje þannig varið, að sumir af oss hafi þá skoðun, að tími sje tilkominn að stytta sveitfestistímann sem mest, þá mun óvist um fylgi við það á þingi nú, og þar sem háttv. efri deild hefir nú hallast að því, að binda sveitfesti við 5 ára takmark, sem vjer verðum að telja heldur til bóta frá núgildandi lögum, þá munum vjer til samkomulags ráða til að fylgja efri deild þar að málum.

En aftur á móti getum vjer ekki fallist á hitt ákvæðið, að maður skuli eiga þar sveit, sem hann hefir dvalið lengst samfleytt. Þessu ákvæði, eða því líku, hefir að visu áður verið haldið fram af einstöku manni, en ekki náð neinu fylgi, og vjer getum ekki sjeð að það eigi að neinu leyti betur við nú, þar sem menn eru allmikið meira á flökti úr einum stað í annan, eins og áður er tekið fram.

Það ákvæði myndi líka oft valda miklum skriftum og allskonar vafningum og taka langan tíma, áður en áreiðanleg víska fengist um það, hvar hlutaðeigandi öreigi hefði lengst dvalið samfleytt, og auk þess nær þetta ákvæði ekki þeim tilgangi, að framfærsluskyldan verði sem mest í rjettu hlutfalli við þann hagnað, sem fjelögin hafa haft af vinnu einstaklingsins, þar sem ákvæðið er þannig, að maðurinn á að eins framfærslurjett þar, sem hann hefir lengst dvalið samfleytt. Það er t. d. ekki mikill munur á vinnuframlagi

einstaklingsins í einum hreppi, sem hann hefir unnið í 5 ár, og hinum sem hann hefir unnið í 6 ár. Og úr því farið er að miða við slíkt, þá virðist það ekki neitt sjerlega sanngjarnt, að sá hreppurinn sem maðurinn hefir dvalið í 6 árin, beri alla byrðina af honum, en hinn sleppi alveg, þar sem hann hefir dvalið 5 árin. Og ekki myndi þetta ákvæði að neinu leyti draga úr sveitarflutningum, nje heldur hinu, að hreppsnefndir og sveitarstjórnir hefðu góðan tíma og tækifæri til að amast við fólki, máské þegar verst gegnir alveg eins og nú, og viljum vjer því fella þetta ákvæði burtu úr frumvarpinu.

Vjer vitum nú að háttvirtur minni hluti er oss ósamþykkur um allt þetta mál. Hann vill á engan hátt stytta sveitfestistímam, og mun helst hallast að því, að æskilegt væri, að fæðingarhreppurinn ætti að vera sá eini löghelgaði framfærsluhreppur, og mun hann gera grein fyrir sinni skoðun í sjerstöku álitu.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem hafa verið færðar til hjer að framan, berum vjer fram breytingartillögur við frumvarp efri deildar, á sjerstöku þingskjali, og ráðum háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum.

Neðri deild Alþingis, 26. ágúst 1915.

Sigurður Gunnarsson,
formaður.

Þorleifur Jónsson,
skrifari og framsögum.

Sigurður Sigurðsson.

Hjörtur Snorrason.